

# Lög

## um fiskeldi.

### I. KAFLI

#### Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

###### Markmið.

Markmið laga þessara er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

##### 2. gr.

###### Gildissvið.

Lög þessi taka til eldis vatnafiska og nytjastofna sjávar á íslensku forráðasvæði. Við framkvæmd þeirra skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum.

##### 3. gr.

###### Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

- Alifiskur:** Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.
- Eldisdýr:** Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
- Fiskeldi:** Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska, annarra vatnadýra og nytjastofna sjávar, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
- Fiskeldisstöð:** Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.
- Fiskrækt:** Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni eða sjó.
- Fiskræktarslepping:** Slepping samstofna smáseiða eða gönguseiða í því skyni að auka fiskigengd í veiðivatni eða sjó.
- Fiskstofn:** Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
- Fiskur:** Fiskur í merkingu laga þessara tekur til allra tegunda lagardýra sem lifa í vatni og sjó, hvort sem er við náttúrulegar aðstæður eða í eldi.

9. *Geldstofn*: Fiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.
10. *Göngusilungur*: Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).
11. *Hafbeit*: Slepping gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppi- stað þegar þeir ganga úr sjó í ferskt vatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.
12. *Heilsárseldi*: Hefðbundið eldi í sjókvíum frá 50 gramma göngustærð upp í markaðs- stærð.
13. *Kvíaeldi*: Fiskeldi í netkvíum (netbúrum) í fersku vatni eða söltu.
14. *Kynbætur*: Markvisst val með tilliti til ákveðinna arfgengra eiginleika. Slíkir eiginleikar geta verið mikill vaxtarhraði eða síðbúinn kynþroski. Til undaneldis eru valdir fiskar sem sýna ákjósanlega eiginleika umfram aðra fiska í stofninum. Slíku vali er viðhaldið og það aukið með vali í hverri kynslóð.
15. *Lagardýr*: Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.
16. *Netlög*: Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.
17. *Nytjastofnar*: Fiskar og sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru eða kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi, íslensku landgrunni eða á landi með eldi.
18. *Sjávarfiskur*: Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.
19. *Sjókvíaeldi*: Eldi á fiski í netbúrum sem komið er fyrir í sjó eða söltu vatni.
20. *Sjór*: Salt vatn utan árósa.
21. *Skiptieldi*: Eldi á fiski í strandeldi upp í 250–1.000 grömm og framhaldseldi í sjókvíum upp í markaðsstærð.
22. *Strandeldi*: Eldi fiska til slátrunar í tönkum eða kerum á landi.
23. *Straumvatn*: Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.
24. *Stöðuvatn*: Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.
25. *Vatn*: Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.
26. *Vatnadýr*: Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.
27. *Vatnafiskur*: Lax (*Salmo salar*), silungur (urriði (*Salmo trutta*), bleikja (*Salvelinus alpinus*) og regnbogasilungur (*Oncorhynchus mykiss*)), áll (*Anguilla anguilla*) eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.
28. *Vatnasilungur*: Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.
29. *Veiðivatn*: Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.
30. *Villtur fiskstofn*: Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.
31. *Örmerkingar*: Merkingar á fiski með málmflísum í trjónuna.

## II. KAFLI Stjórnsýsla.

### 4. gr.

#### *Stjórnsýsla.*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Fiskistofu sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Ráðherra skal í samræmi við fyrirmæli einstakra greina laga þessara setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð. Við setningu reglugerða skal ávallt leitað faglegrar umsagnar Fiskistofu, Matvælastofnunar, veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar og leitað álits Sambands íslenskra sveitarfélaga, Landssambands fiskeldisstöðva og Landsambands veiðifélaga.

Allar fiskeldisstöðvar skulu hafa með sér samtök, Landssamband fiskeldisstöðva, sem gæta sameiginlegra hagsmuna fiskeldismanna.

5. gr.

*Svæðaskipting fiskeldis.*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skal, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, ákveða samkvæmt lögum þessum skiptingu fiskeldissvæða meðfram ströndum landsins. Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra afla umsagnar umhverfisráðuneytis, Fiskistofu, Matvælastofnunar, Landssambands fiskeldisstöðva, Landssambands veiðifélaga, Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og viðkomandi sveitarstjórnar.

6. gr.

*Staðbundið bann við starfsemi.*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra getur, að fenginni umsögn Fiskistofu, Matvælastofnunar, Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og viðkomandi sveitarstjórnar, takmarkað eða bannað fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart starfsemi þeirri sem fram fer samkvæmt lögum þessum.

Við ákvörðun ráðherra skv. 1. mgr. skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska, og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Skal í því sambandi m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár.

Um skaðabætur vegna tjóns, sem leiðir af banni eða takmörkun samkvæmt grein þessari, fer eftir því sem mælt er fyrir um í 18. gr.

III. KAFLI

**Rekstrarleyfi til fiskeldis.**

7. gr.

*Rekstrarleyfi.*

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi sem Fiskistofa veitir.

Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt skal Fiskistofa afla umsagnar Matvælastofnunar. Einnig skal stofnunin leita umsagnar Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og viðkomandi sveitarstjórnar eftir því sem við á um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi til efni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Sé um endurnýjun á rekstrarleyfi að ræða telst ekki nauðsynlegt að afla slíkra umsagna enda sé ekki um verulegar breytingar að ræða á eðli og umfangi reksturs.

## 8. gr.

*Umsókn um rekstrarleyfi.*

Umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að fiskeldisstöð, fagþekkingu umsækjenda rekstrarleyfis á viðkomandi sviði, stærð stöðvar, framleiðslumagn hennar, eldistegundir og eldisaðferðir, matsskyldu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umsókn skulu fylgja skilríki um heimild til afnota lands, vatns og sjávar. Umsókn skulu einnig fylgja áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, rekstraráætlun, leyfi til mannvirkjagerðar, leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur, svo og önnur gögn sem Fiskistofu eru nauðsynleg til að meta hvort skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis séu fyrir hendi.

## 9. gr.

*Málsmeðferð umsóknar.*

Við meðferð umsóknar um rekstrarleyfi til fiskeldis skal Fiskistofa leggja mat á sjúkdóms- tengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar.

Veiti fyrirbyggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til þess að mat verði lagt á þá þætti sem um getur í 1. mgr. getur Fiskistofa lagt fyrir umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en rekstrarleyfi er veitt. Í því skyni getur stofnunin lagt fyrir hann að rannsaka á eigin kostnað hvort fyrirhuguð starfsemi fiskeldisstöðvar feli í sér aukna hættu á fisksjúkdómum eða hvort um neikvæð vistfræðileg áhrif geti orðið að ræða.

Rannsóknir umsækjanda skv. 2. mgr. geta m.a. falist í merkingum á fiski, samantekt á veðurfars- og haffræðilegum upplýsingum, samantekt um aðra hagsmuni í veiðimálum og fiskeldi á svæðinu, mati á stöðu fiskstofna í helstu ám á svæðinu og mati á göngu laxfiska í nágrenni fyrirhugaðrar eldisstöðvar. Ráðherra getur í reglugerð mælt nánar fyrir um þau atriði sem rannsókn lýtur að.

## 10. gr.

*Efni og útgáfa rekstrarleyfis.*

Telji Fiskistofa að umsókn um rekstrarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara skal stofnunin gefa út rekstrarleyfi til tíu ára í senn. Ef vistfræðileg rök mæla með því er heimilt að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma.

Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar og hvort um sé að ræða seiða- eldi, strandeldi, skiptiöldi eða heilsárseldi. Þá skal í rekstrarleyfi kveðið á um leyfilegar tegundir í eldi, leyfilega eldisstofna, leyfilegt framleiðslumagn og skyldu rekstrarleyfishafa til að annast vöktun og rannsóknir á nánasta umhverfi sínu. Jafnframt skulu í rekstrarleyfi vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski, og ákvæði um áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur.

Ráðherra er í reglugerð heimilt að mæla fyrir um nánari skilyrði sem setja má í rekstrarleyfi. Slík skilyrði geta m.a. falið í sér skyldu leyfishafa til að standa að rannsóknum samþærilegum þeim sem greinir í 2. og 3. mgr. 9. gr. og skyldu til vöktunar á nærliggjandi veiðivötnum, vöktunar á kynþroska og heilbrigði fiska í eldi o.fl.

Við útgáfu rekstrarleyfis skal þess ávallt gætt að fullnægt sé ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

IV. KAFLI  
**Starfræksla fiskeldisstöðva.**

11. gr.

*Upphaf starfsemi.*

Rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum tekur þá fyrst gildi þegar Fiskistofa hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis.

Fiskeldisstöðvum er óheimilt að flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldisstöð fyrr en rekstrarleyfi er fengið og úttekt hefur farið fram.

12. gr.

*Friðunarsvæði í sjó.*

Fiskistofu er heimilt, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar, að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva með sömu skilyrðum og kveðið er á um í 5. mgr. 15. gr. og 16. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Ef sannað þykir að veiðitakmarkanir skv. 1. mgr. hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum eiganda sjávarjarðar skulu þeir bæta honum tjónið sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði.

13. gr.

*Veiðar fisks sem sleppur.*

Rekstrarleyfishafi samkvæmt lögum þessum, sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu.

Rekstrarleyfishafa er skylt að grípa til allra þeirra ráðstafana, sem nauðsynlegar eru og í hans valdi standa, til þess að varna því að slíkur atburður, sem greinir í 1. mgr., valdi vistfræðilegu tjóni. Er honum í því skyni m.a. skylt, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu og án tillits til réttar eigenda sjávarjarða í netlögum, að gera allt sem í hans valdi stendur til að veiddur verði slíkur fiskur á svæði innan 200 metra frá stöðinni. Skal hver eldisstöð eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði í því skyni. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrir-mæli um hvernig að slíkum veiðum skal staðið.

Skylda til veiða skv. 2. mgr. takmarkast við þrjá sólarhringa frá því að ljóst er að fiskur hafi sloppið út, ef slíkur atburður gerist á göngutíma laxfiska, en veiðitíminn í slíkum tilvikum skal að öðru leyti háður ákvörðun Fiskistofu. Veiðar þær sem hér um ræðir skulu ávallt fara fram í samráði við fulltrúa Fiskistofu.

Ef rekstrarleyfishafi hefur ekki hafið aðgerðir skv. 2. mgr. innan tólf klukkustunda frá því að ljóst er að eldisfiskur slapp út getur Fiskistofa, ef þörf krefur, gefið út almenna heimild til veiða á svæðinu með sömu skilyrðum og fram koma í 2. mgr.

Allan kostnað Fiskistofu og annarra stjórnvalda vegna nauðsynlegra aðgerða samkvæmt þessari grein skal rekstrarleyfishafi greiða.

14. gr.

*Eftirlit og skýrslugjöf.*

Fiskistofa skal hafa eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldispátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Eftirlit með heilbrigði fiska og heilnæmi eldisafurða skal hins vegar framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við lög þar að lútandi.

Til að Fiskistofa geti framkvæmt eftirlit skv. 1. mgr. skal rekstrarleyfishafi árlega gefa Fiskistofu skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslu-  
magn stöðvar, eldisrými, fóðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans, sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits sam-  
kvæmt lögum þessum. Þá skal færð dagbók um starfsemina í fiskeldisstöðvum samkvæmt  
reglugerð sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur. Fiskistofu skal ætíð vera heimill  
aðgangur að eldisstöð og dagbók hennar.

Ráðherra skal í reglugerð mæla nánar fyrir um eftirlitshlutverk Fiskistofu. Fiskistofu er  
heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að  
annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi. Þeir skulu bundnir þagnar-  
skyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara. Um  
þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/  
1996, og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Fyrir eftirlit Fiskistofu eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum skulu fiskeldisstöðvar  
greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfestir. Eftirlitsgjald skal innheimt með einni  
greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Fiskistofa skal annast innheimtu eftirlits-  
gjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðir dráttarvextir af  
fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi.

## V. KAFLI

### Afturköllun rekstrarleyfis.

15. gr.

*Forsendubrestur.*

Ef fiskeldisstöð hefur ekki innan 24 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis hafið starfsemi í  
samræmi við rekstraráætlun, sem fylgdi umsókn í samræmi við ákvæði 8. gr., er Fiskistofu  
heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi. Sama gildir ef starfsemi fiskeldisstöðvar stöðvast í 24  
mánuði.

Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skv. 1. mgr. skal Fiskistofa ávallt veita rekstrar-  
leyfishafa skriflega viðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta.

16. gr.

*Afturköllun rekstrarleyfis.*

Fiskistofa getur afturkallað rekstrarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn  
ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra. Einnig  
er heimilt að afturkalla leyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn skilyrðum rekstrar-  
leyfis eða skilyrðum þess er að öðru leyti ekki fullnægt. Þá er og heimilt að afturkalla  
rekstrarleyfi ef leyfishafi verður ófær um að stunda rekstur og þegar eldisfiskur sleppur ítrek-  
að frá fiskeldisstöð.

Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skv. 1. mgr. skal Fiskistofa ávallt veita rekstrar-  
leyfishafa skriflega viðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta.

## VI. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

17. gr.

*Framsal.*

Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis án skriflegs samþykkis Fiskistofu  
er óheimil. Slíku samþykki skal þinglýst í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

## 18. gr.

*Skadabætur.*

Ef rekstrarleyfishafi samkvæmt lögum þessum verður umfram aðra fyrir tjóni vegna þess að tekin er ákvörðun um bann eða takmörkun á starfsemi með heimild í 6. gr. laga þessara skal slíkt tjón bætt úr ríkissjóði. Um ákvörðun bóta fer samkvæmt almennum reglum.

Ef sannað þykir að missir eldisfisks úr fiskeldisstöð valdi tjóni á hagsmunum veiðiréttarhafa, sem verndar njóta samkvæmt lax- og silungsveiðilögum, skal viðkomandi rekstrarleyfishafi bæta tjónið á grundvelli mats skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði. Hið sama á við um tjón annarra þeirra sem hafbeitt, fiskeldi eða fiskrækt stunda.

Ef sannað þykir að starfsemi samkvæmt lögum þessum valdi tjóni í veiðivatni samkvæmt lax- og silungsveiðilögum í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 2. mgr. skal það tjón bætt eftir mati skv. VII. kafla þeirra laga, ef eigi semur.

## 19. gr.

*Tilflutningur eldisfisks.*

Kynbættan eldisfisk er eingöngu heimilt að nýta til fiskeldis og óheimilt er að sleppa honum í fiskrækt eða hafbeitt. Þó getur Fiskistofa veitt rannsóknaraðila undanþágu til sleppi-tilrauna í óverulegum mæli, að fenginni umsögn Matvælastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar eða Veiðimálastofnunar eða annarra fagaðila ef ástæða þykir til.

Flutningur eldistegunda, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva, svo og flutningur og sleppingar lifandi fisks og frjóvgaðra hrognna milli ótengdra vatnasvæða, er óheimill.

Að fenginni umsögn Matvælastofnunar getur Fiskistofa veitt rekstrarleyfishafa undanþágu til flutnings á eldistegundum, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva ef ástæður mæla ekki gegn slíku. Fiskistofa skal í þeim tilvikum einnig leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar eða Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða vatnasvæði eða sjávarsvæði gefa tilefni til neikvæðra vistfræðilegra áhrifa.

## 20. gr.

*Eldisbúnaður.*

Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill. Til slíks búnaðar teljast eldiskvíar, eldisker, nætur, fóðrarar og fiskidælur. Þó er heimilt að flytja inn notuð vísindatæki og tæknibúnað, m.a. tæki til flutnings sem sannanlega er hægt að sótthreinsa að mati Matvælastofnunar. Einnig getur Matvælastofnun með sömu skilyrðum heimilað innflutning á öðrum eldisbúnaði enda þyki sannað að ekki berist smitefni með honum sem valda dýrasjúkdómum. Sækja skal um leyfi fyrir innflutningi á notuðum vísindatækjum, tæknibúnaði og eldisbúnaði til Matvælastofnunar sem getur heimilað innflutning að fenginni jákvæðri umsögn fisksjúkdómanefndar. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um notkun flutningstækja og búnaðar sem notaður er í starfsemi rekstrarleyfishafa.

## VII. KAFLI

**Reglugerðarheimild, refsíákvæði o.fl.**

## 21. gr.

*Reglugerðarheimild o.fl.*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara með reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um útgáfu rekstrarleyfa, merkingar á seiðum í kvíaeldi,

fóðurnotkun, endurnýjun eldisbúnaðar, úttekt á fiskeldisstöðvum, eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðva, flutning eldistegunda milli fiskeldisstöðva, flutning fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða o.fl.

Fiskistofu er, eftir því sem þörf krefur, heimilt að setja svæðis- eða tímabundnar reglur á grundvelli slíkra reglugerða.

22. gr.

*Um refsingar.*

Það varðar stjórnarmenn og framkvæmdastjóra rekstrarleyfishafa sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef sakir eru miklar:

- a. ef eldisfiskur sleppur úr fiskeldisstöð þar sem umbúnaði við fiskeldið hefur verið áfátt vegna athafna eða athafnaleysis þeirra sem framið hefur verið af ásetningi eða gáleysi,
- b. ef þeir brjóta gegn ákvæðum 1. eða 2. mgr. 13. gr. laga þessara af ásetningi eða gáleysi,
- c. ef fiskeldisstöðvar gefa ekki lögboðnar skýrslur um starfsemi sína eða veita eftirlitsmönnum rangar upplýsingar,
- d. ef fiskeldisstöðvar gerast að öðru leyti brotlegar gagnvart lögum þessum.

VIII. KAFLI

**Gildistökuákvæði.**

23. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, og lög nr. 57/2006, um eldi vatnafiska, með síðari breytingum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er löggin varða helst. Nefndin skal skipuð af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og í henni sitja tólf fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landsambandi fiskeldisstöðva, Félagi eigenda sjávarjarða, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Matvælastofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti, Hafrannsóknastofnuninni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá skipar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Sker atkvæði formanns úr ef ágreiningur verður í nefndinni.

---

*Samþykkt á Alþingi 28. maí 2008.*